



Morgunblaðið/Sigurbjörg Hjörleifsdóttir

Frá afhendingu „gulldiskins“. Frá vinstri: Jón Stefánsson kórstjóri, Halldór Torfason, formaður kórsins og Sigurbjörg Hjörleifsdóttir dreifingarstjóri.

## Kór Langholtskirkju hlaut „gulldisk“

Á AÐALFUNDI kórs Langholtskirkju hinn 5. þ.m. var afhent gullplata sem viðurkenning fyrir að 3.000 eintök seldust af hljómdiskinum „Barn er oss fætt“ fyrir síðustu jól. Þar sem kórinn var sjálfur útgefandi varð hann að afhenda sjálfum sér viðurkenninguna! Það var einn kórfélagi, Alfred Wolfgang Gunnarsson gullsmiður, sem sá um hönnun gulldiskins, en Sigurbjörg Hjörleifsdóttir dreifingarstjóri afhenti gripinn.

Í skýrslu formanns kom fram að kórinn hafði komið fram tuttugu og þrisvar sinnum á árinu með

mismunandi viðamiklar efnisskrár, en stærstu verkefni ársins voru Jóhannesarpassían eftir Bach og Requiem eftir Mozart. Sá kórfélagi sem fékk viðurkenningu fyrir bestu mætingu yfir árið hafði mætt 105 sinnum og má af því ráða hversu viðamikili starfið er.

Halldór Torfason lét af embætti formanns kórsins eftir fjögurra ára

starf en við tók Sigrún Stefánsdóttir.

Æfingar standa nú yfir á Mattheusarpassíunni eftir Bach, en það er víðamesta verk sem kórinn hefur flutt og jafnframt hið síðasta af tónverkum hans sem kórinn flytur. Verkið verður flutt á skírdag og föstudaginn langa, 16. og 17. apríl.

## Landssamtök heimavinnandi fólks:

# Vilja bæta hag heimilanna og fjölskyldna

„GLEYMUM ekki heimilunum og fjölskyldunum í landinu“, er yfirskrift á fréttatilkynningu, sem Morgunblaðinu hefur borist frá Landsamtökum heimavinnandi fólks. Þar segir að samtökin vilji vekja athygli á að með þeim breytingum, sem orðið hafa og séu nú að gerast á kjörum þjóðarinnar, svo sem við nýjustu aðgerðir stjórnvalda til sparnaðar í rekstri mennta- og þjónustustofnana, sé grundvallareiningu samfélagsins, fjölskyldunni og heimilinu, ætlað að axla vaxandi hlutverk. Samtökin segjast því vænta þess, að aðgerðum stjórnvalda verði fylgt eftir með löggjöf til úrbóta sem tryggja jafnan rétt heimavinnandi fólks á við rétt þeirra, sem úti vinna.

Í ályktuninni segir: „Um leið og samtökin taka undir að rík ástæða er til aðhalds og sparnaðar í opinberum rekstri og til samdráttar í ríkisumsvifum, hvetja þau stjórnvöld til þess að hefja nú þegar undirbúning að þeim breytingum í skatt-

lagningu, millifærslu persónuafsláttar, barnabótum, örorkubótum, lífeyri og tekjutryggingu sem samtökin hafa ítrekað bent á að nauðsynlegar eru til að tryggja jafnan rétt heimavinnandi fólks á við rétt annarra.“

# KONTRATENÓR Í GERÐUBERGI

## Tónlist


Jón Ásgeirsson

Sverrir Guðjónsson er, að því ég best veit, eini Íslendingurinn sem lagt hefur fyrir sig þennan söngmáta, sem viðhafður var um aldir í Evrópu og er reyndar enn. Miklar tónbókmenntir hafa verið skrifaðar fyrir kontratenóra, veraldlegar og kirkjulegar. Öll þekkjum við ástæðuna fyrir því að drengir voru látnir halda barnsrödd sinni með óhugnanlegri aðgerð sem gerð var á þeim, sópran var rödd þeirra kölluð og kom í stað „veikara“ kynsins í hlutverk innan kirkjunnar og óperunnar. Kontratenór samsvarar ekki sópranröddinni, heldur hefur þessi tenórgerð miklu frekar lit altraddarinnar. Þessi beiting raddarinnar getur verið, að mér skilst, hvoru tveggja til-lærð eða meðfædd. Ég jata mig vanmátta til að skilgreina þessa raddgerð nánar, en eitt er víst, engum meðal-músíkólsum manni þýðir að reyna að halda uppi heilum tónleikum á þessum nótum og halda til enda eftirtekt áheyrandans, til þarf góðan tónlistarlegan bakgrunn og sjálfstætt öruggt mat á viðfangsefninu.


Sverrir er auðheyrilega þessum gáfum gæddur, taktakyn hans er mjög næmt og hann mótar verkefnið smekklega og hvert lag fær sína ákveðnu upp-

byggingu, sem virðist gegnhugsuð. Dálítils óróa gætti í röddinni í fyrstu lögunum eftir Purcell, Sverrir komst fljótlega yfir það og söngur hans yfirleitt tákinn í því sem eftir kom. Fyrri hluti efnisskrárinnar var auk Purcells eftir Sari, Scarlatti, Finzi, Tippet og John Speight, þrjú lög sem hann kallar „Three Shakespeare Songs“ og voru kannski það forvitnilegasta fyrir hlé. Þrjú stutt stemmningslög og það fyrsta kannski mest unnið. Eftir hlé komu snjöll lög eftir þá Þorkell, Atla Heimi og Gunnar Reyni, sem Sverrir túlkaði mjög skemmtilega. Þekkt ensk þjóðlög komu í kjölfarið og féllu í góðan jarðveg. Tvö gyðingþjóðlög söng hann mjög fallega og síðast þrjú íslensk þjóðlög sem Sverrir flutti með nokkuð nýju sniði, en eftirtektarverðu.

Aukalag – „Röslein auf der Heiden“ söng Sverrir til fyrsta kennara síns – Sigurðar Demetz, – sem var á tónleikumunum, en Sverrir hafði verið í námi hjá honum 10 ára gamall, og Demetz þá sagt honum að læra fyrrnefnt lag. Kannski má segja að ekki hafi reynt mikið á Jónas Ingimundarson við píanóið að þessu sinni – og þó, það er ekki auðvelt að nota píanóið rétt undir söng sem þennan þar sem Camball eða Lúta hefði oft hæft betur, enda fannst mér Jónas stundum á mörkunum að spila of sterkt.



Sverrir Guðjónsson



Jónas Ingimundarson

**cordata**



ES-7100

- 80386SX-16 örgjörvi
- 1Mb minni (st. 18Mb)
- 42Mb diskur
- 3.5" drif 1.44Mb
- 14" VGA litaskjár (640x480 - 256Kb)
- 102 hnappa lykklaborð
- Windows 3.0a
- MS-DOS 5.0
- Microsoft samhæfð mús
- Afgreidd tilbúin til notkunar ásamt kynningu frá PC tölvuklúbbnum (töflureiknir, ritvinnsla, skák, leikir o.fl.)

**kr. 99.900 stgr.**

Einnig VISA raðgreiðslur

Aukabúnaður:

- 5.25" drif 1.2Mb ..... 8.000
- 1Mb minnistækkun ..... 6.000
- Super-VGA skjár í stað VGA ..... 3.000
- Citizen 24ra nála prentari ..... 28.500
- 80387-16 reikniörgjörvi ..... 19.000

Hvar gerast kaupin betri?

**MICROTÖLVAN**

Suðurlandsbraut 12 - sími 688944

**Morgunblaðið**

Góðan daginn!

# Gamlir meistarar

## Myndlist

Eiríkur Þorláksson

Einhverra hluta vegna hefur sú þróun orðið hér á landi að menningar- og listastofnanir þjóðarinnar eru oft gagnrýndar kröftuglega fyrir það sem almannarómur er ósáttur við, en þeim er hins vegar sjaldan hrósað á fjölmiðlavettvangi fyrir það sem almenningur telur meira við sitt hæfi. Laun heimsins eru vanþakkæti, segir einhvers staðar, og má til sanns vegar færa.


Á nýliðnu ári var sýningahald á Kjarvalsstöðum oft harkalega gagnrýnt, þar sem hlutur nýlistar af ýmsu tagi var mjög áberandi, auk þess sem alþjóðlegar sýningar voru fleiri en ýmsir gátu sætt sig við. Því er einkennilegt að fylgjast með hversu lítil viðbrögð hafa komið fram við fyrstu sýningum á Kjarvalsstöðum á þessu ári, þar sem eldri íslensk myndlist er sett í öndvegi. Hafa þeir hinir sömu, sem hneyksluðust hvað mest á hinu nýja, þá ekki nennu í sér til að hrósa hinu hefðbundna?

Í vestursal Kjarvalsstaða stendur yfir sýning á verkum eldri íslenskra meistarara úr eigu Listasafns Reykjavíkur, sem á að líkindum orðið meira safn góðra

listaverka en flesta grunar. Hér hafa verið valin saman nokkur verk eftir nafnkunna listamenn: Ásgrím Jónsson, Eyjólf J. Eyfells, Finn Jónsson, Gísli Jónsson, Gunnlaug Blöndal, Gunnlaug Scheving, Jóhann Briem, Jón Engilberts, Jón Stefánsson, Júlíónu Sveinsdóttur, Kristín Pétursson, Kristínu Jónsdóttur, Mugg, Snorra Arinbjarnar, Svein Þórarinnsson, Þorvald Skúlason, og Þórarin B. Þorláksson.

Flest þessi verk hafa lengst af verið uppi í opinberum stofnunum Reykjavíkurborgar, meðal annars í Höfða, en á Kjarvalsstöðum liggur frammi skrá um þau verk sem þrýða þennan móttökustað borgarinnar. Auk þess hefur hluti myndanna sést á ýmsum sýningum í gegnum árin, þannig að mörg þeirra eru vel þekkt meðal listunnenda; sýningin er því að sumu leyti eins og að endurnýja kynni við gamla og góða vini.

Sú myndlist, sem hér getur að líta, er hluti af þeirri myndlistarhefð, sem ríkti á Íslandi fram yfir miðja öldina. Landslagsverkið var í öndvegi, en síðan hvarf það af trönnum listamanna um langt árabíli; það er helst á allra síðustu árum sem nýjar kynslóðir listamanna hafa tekið að fást við þetta



Gunnlaugur Blöndal: „Stúlka með greiðu“.

myndefni á ný. Sýning af þessu tagi gefur listunnum því gott tækifæri til að bera hin eldri verk í huganum saman við það sem nú er að gerjast á þessu sviði.

Endurtekin kynni við verk þessara listamanna eru einnig vel til þess fallin að festa stöðu þeirra í huga sýningargesta. Þannig má leiða líkur að því að mynd Ásgríms Jónssonar, „Eyjafjallajökull“ (LR-148), og mynd Gunnlaugs Blöndal, „Stúlka með greiðu“ (LR-65), svo tvö dæmi séu tekin, verði tal-

in meðal öndvegisverka í íslenskrí listasögu. Hið stóra verk Jóns Stefánssonar, „Hraunteigar við Heklu“ (LR-14), vinnur á við hvern fund, og er án efa eitt besta verk listamannsins.

Það er góð byrjun á nýju ári að rifja upp það besta frá fyrri tíð, og ætti þessi sýning því að vera listunnum ágætt andlegt föður við upphaf listahátíðar-árs. Sýningin „Úr Listasafni Reykjavíkur“ stendur til sunnudagsins 16. febrúar.